

Aðalstjórn Hvatar hittist á fundi fyrir aðalfundinn til að fara yfir málin og undirbúa aðalfundinn.

### **Aðalfundur Hvatar fyrir árið 2021**

Haldinn að Húnabraut 4 baka til, Blönduósi

14. mars 2022 kl 18:00

Stjórnarmenn

Auðunn Steinn Sigurðsson

Hilmar Þór Hilmarsson

Grímur Rúnar Lárusson

Greta Björg Lárusdóttir

Aðrir mættir; Magnús Valur Ómarsson, Sigurður Bjarni Aadnegard, Kristín Ingibjörg Lárusdóttir, Stefán Ólafsson, Erla Ísafold Sigurðardóttir, Ólafur Sigfús Benediktsson, Steinunn Hulda Magnúsdóttir, Magdalena Berglind Björnsdóttir, Gunnlaug Kjartansdóttir, Ingibjörg Signý Aadnegard, Aco og Björn Vignir Björnsson

Fundargerð ritaði Greta Björg Lárusdóttir

Dagskrá fundarins.

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningar félagsins.
3. Ný lög Umf. Hvatar, siðaregur og viðbragðsáætlun Umf. Hvatar vegna aga- og ofbeldisbrota, eineltis, kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni lögð fyrir fundinn til afgreiðslu.
4. Kosning stjórnar knattspyrnudeildar
5. Kosning aðalstjórnar.
6. Fulltrúar á ársþing USAH.
7. Önnur mál.

1. Skýrsla Stjórnar.

Auðunn Steinn Sigurðsson formaður Hvatar flutti skýrslu stjórnar og fór yfir helstu verkefni: ma. Samningagerð við Blönduósbæ, þakkaði hann iðkendum, sjálfboðaliðum og styrkaraðilum.

Engar umræður urðu um skýrslu stjórnar.

Skýrsla stjórnar samþykkt með öllum greiddum aðkvæðum.

2. Ársreikningar félagsins

Ársreikningur lagður fram til kynningar. Grímur Rúnar gjaldkeri fór yfir helstu atriði fyrir fundarmenn. Eingöngu var verið að fara yfir ársreikning aðalstjórnar og samandregin ársreikning fyrir Hvöt, ekki einstaka deilda. Litlar umræður urðu um ársreikning.

Ársreikningar samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

3. Ný lög Umf. Hvatar, siðaregur og viðbragðsáætlun Umf. Hvatar vegna aga- og ofbeldisbrota, eineltis, kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni lögð fyrir fundinn til afgreiðslu.

Auðunn Steinn Sigurðsson fór yfir nýju lögin og tilgang siðareglanna.

Umræður urðu um siðareglurnar, hvort þær yrðu kynntar iðkendum og þeim sem skrifa undir samninga hjá meistaraflokk. Eins að sniðugt væri að koma reglunum á annað tungumál, helst ensku og pólsku. Einnig urðu umræður og heimasíðu Hvatar og að ný aðalstjórn þyrfti að koma henni í gagnið, eða hreinlega búa til nýja síðu. Ný lög og siðareglur yrðu sett þar inn. Umræður urðu um fullgilt félagatal. Sportabler á að halda utan um félagatal deildanna. Þar inni skulu allir iðkendur yngri en 18 ára vera skráðir. Nokkrar umræður urðu um ný lög félagsins þó aðallega 12. grein. Einnig urðu umræður um 13. grein, að ekki væri gerð krafa um að skýrsla stjórnar á aðalfundum deildanna, ákveðið að bæta því inni lögin áður en þau eru lögð fram til samþykktar.

Fólk sammála um að ný lög hefðu verið löngu tímabær og að gott væri að endurskoða þau að lámarki á 3-5 ára fresti. Umræður um félagatal, en leggja á felix niður sem haldið hefur utan um það. Ekki komið neitt frá USAH hvað taki við sem skráning félaga.

Siðareglur lagðar fram til samþykktar, samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

Lögin lögð fram til samþykktar, samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

Viðbragðsáætlun lögð fram til samþykktar, samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

4. Kosning í stjórn knattspyrnudeildar

Eftirfarandi framboð hafa borist; Björn Vignir Björnsson og Sigurður Bjarni Aadnegard. Ingibjörg Signý Aadnegard og Gunnlaug Kjartansdóttir bjóða sig einnig fram. Engin fleiri framboð og eru þau því kjörin og samþykkt með lófaklappi.

5. Kosning aðalstjórnar

Guðmann Valdimarsson og Hilmar Þór Hilmarsson hafa óskað eftir því að stíga til hliðar í stjórninni. Auðunn gefur ekki kost á sér sem formaður en er til í að starfa áfram í stjórninni ásamt Greta Björgu og Grími Rúnari. Grímur Rúnar gefur kost á sér sem formaður og er það samþykkt. Auðunn gefur kost á sér sem varaformaður og er það samþykkt. Greta Björg gefur kost á sér sem gjaldkera og er það samþykkt. Sigurður Bjarni gefur kost á sér sem meðstjórnanda og er það samþykkt. Steinunn Hulda gefur kost á sér sem ritari og er það samþykkt.

Magnús Valur og Kristín Ingibjörg eru samþykkt sem skoðurnarmenn reikninga. Og Magdalena Berglind sem varamaður.

Klappað fyrir öllum stjórnarmeðlimum.

6. Fulltrúar á ársþing USAH

Hvöt þarf að manna 6 manns á ársþing, hver deild þarf að skaffa 1 fulltrúa og aðalstjórn 2.

Grímur og Auðunn ætla að fara fyrir hönd aðalstjórnar, Steinunn mætir fyrir frásípróttadeild. Knattspyrnudeild, körfuknattleiksdeild og sunddeild eiga eftir að tilnefna fulltrúa.

#### 7. Önnur mál

Magnús Valur tók til máls og kynnti nýjan þjálfara meistaraflokk Kormáks/Hvatar hann Aco.

Hann boðinn velkominn til starfa og klappað fyrir honum.

Rætt um samstarfssamning Kormáks/Hvatar og hvort það væri ekki búið að kynna siðareglurnar fyrir þeim. Það kemur skýrt fram í honum að allir skulu kynna sér og fara eftir siðareglum félagsins. Og verður því fylgt eftir eins vel og hægt er.

Farið yfir leikmanna mál meistaraflokks, eins og staðan er núna þá er búið að semja við 2 erlenda leikmenn. Á að reyna að efla samstarf þjálfara meistaraflokks og yngri flokka til muna. Þjálfari meistaraflokks mun kynna sig betur fyrir yngri iðkendum og mæta á æfingar hjá þeim.

Umræður um fjármuni knattspyrnudeildar og fram kom að sá peningur sem deildin á í dag hafi verið aflað í nafni barna og unglingsstarfs.

Farið yfir tekjuskiptingakerfi deildanna frá aðalstjórn.

Rætt um lottótekjur og hvernig þeim er skipt niður á deildir.

Vallarsamningur kom til umræðu, en hann rann út núna um áramót. Íþróttta og tómtundafulltrúi vill fá fund með aðilum deildanna til að skoða forsendur að gera nýjan samning. Völlurinn hefur verið rekinn með tapi síðustu ár og þarf bærinn að spýta verulega í til að koma hlutunum í lag. Allt varðandi umhirðu vallarins hefur sannarlega hækkað.

Lagt til að fulltrúar úr aðalstjórn, knattspyrnudeild og frjálsípróttadeild hitti fulltrúa bæjarsins til að ræða framtíð vallarins. Steinunn tilnefnd úr frjálsum, Vignir úr knattspyrnudeild og Grímur úr aðalstjórn.

Umræður urðu um fjáraflanir, að deildir passi sig á að fara ekki inná fjáraflanir sem aðrir hafa verið með. Frásípróttadeildin lýsir yfir óánægju með eggjasölu vegna símamóts. Formenn deildanna þyrftu að taka spjallið um þetta saman og koma því áleiðis til foreldraráða sinna deilda.

Til stendur að skrá Hvöt á almannaheillaskrá

Umræður um að stofna nýja heimasíðu, lagt til að skoðað verði hvort að lénið hvot.is sé laust

Auðunn þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum fyrir góð störf, Hilmari Þór þakkað sérstaklega fyrir góð störf í þágu Hvatar síðustu ár  
Grímur tók undir þakkir fyrir góð störf síðustu ár og þakkaði fyrir góðan fund.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:54